

Fréttatilkynning: Afkoma Símans hf. á 4F 2024

## Afkoma fjórða ársfjórðungs 2024 og ársins 2024

- Tekjur á fjórða ársfjórðungi (4F) 2024 námu 7.431 m.kr. samanborið við 6.659 m.kr. á sama tímabili 2023 og jukust um 11,6%. Tekjur af kjarnavörum Símans, farsíma, gagnaflutningi og sjónvarpsþjónustu jukust um 5,3% á milli tímabila.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 2.071 m.kr. á 4F 2024 og hækkar um 457 m.kr. eða 28,3% frá sama tímabili fyrra árs. EBITDA hlutfallið er 27,9% á 4F 2024 en var 24,2% á sama tímabili 2023. Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 944 m.kr. á 4F 2024 samanborið við 634 m.kr. á sama tímabili 2023.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 306 m.kr. á 4F 2024 en námu 120 m.kr. á sama tímabili 2023. Fjármagnsgjöld námu 489 m.kr., fjármunatekjur voru 195 m.kr. og gengistap nam 12 m.kr.
- Hagnaður á 4F 2024 nam 517 m.kr. samanborið við 414 m.kr. hagnað á sama tímabili 2023.
- Vaxtaberandi skuldir samstæðu að leiguskuldbindingum meðtöldum námu 17,2 ma.kr. í árslok 2024, en voru 10,5 ma.kr. í árslok 2023. Handbært fé í árslok 2024 nam 0,8 ma.kr., en var 1,8 ma.kr. í árslok 2023. Staða útlána hjá Símanum Pay var 3,3 ma.kr. í árslok 2024. Hreinar vaxtaberandi skuldir / 12M EBITDA<sup>1</sup> í árslok 2024 var 1,72.
- Eiginfjárhlutfall Símans var 44,0% í árslok 2024 og eigið fé 18,1 ma.kr.

María Björk Einarsdóttir, forstjóri:

„Við erum ánægð með afkomu fjórða ársfjórðungs, sem var jafnframt sterkasti fjórðungur ársins. Mikill meðbyr var í sölu sjónvarpsáskrifta á fjórðungnum sem við þökkum meðal annars áherslu okkar á að framleiða leikið íslenskt efni í hæsta gæðaflokki. Tæplega 50 þúsund heimili voru áskrifendur að Sjónvarpi Símans Premium í árslok sem undirstrikar vinsældir veitunnar.

Í fjarskiptaþjónustu sáum við einnig fjölgun áskrifenda, einkum í farsímaþjónustu. Internetáskriftum hefur fjölgað hægar, en jákvæðu fréttirnar eru þær að við höfum séð brottfall fara lækandi í kjölfar breyttrar þjónustustefnu. Hún felur í sér aukna áherslu á að nýta gögn og frumkvæðisaðgerðir til þess að tryggja bestu mögulegu upplifun fyrir viðskiptavinum þegar kemur að stöðugleika og gæðum netsambands á heimilum. Samhliða þessari áherslubreytingu hefur dregið úr brottfalli sem er virkilega jákvætt, enda er alþekkt að

<sup>1</sup> 12M EBITDA inniheldur 12M pro forma EBITDA Billboard og Noona.

kostnaður við að sækja nýjan viðskiptavin er margfalt hærri en að halda núverandi viðskiptavini.

Auglýsingasala var sterk á fjórðungnum meðal annars vegna alþingiskosninga sem bættust við hefðbundna afsláttardaga og jólaverslun. Sjónvarp Símans og Billboard hafa fest sig í sessi meðal öflugustu auglýsingamiðla landsins og við getum nú boðið auglýsendum upp á einstakan sýnileika með samspili sjónvarps og umhverfismiðla.

Við höldum áfram vöruþróun í fjártækni og hefur fyrirtækjakort Símans Pay átt mikilli velgengni að fagna frá því að varan kom formlega út á haustmánuðum. Í desember tókum við loks við rekstri Noona Iceland og nú í febrúar 2025 erum við að undirbúa að taka við lánasafni sem við keyptum, en eftir breytinguna mun lánabók Símans Pay standa í fimm milljörðum króna. Eitt af helstu verkefnum ársins 2025 verður að samþætta og þróa fjártæknilausnir Símans og Noona enn frekar samhliða því að móta skýra langtímasýn í kringum starfsþáttinn.

Fyrir fáeinum vikum kynntum við breytingar á skipuriti félagsins, sem ætlað er að styðja við nýja stefnu sem verið er að innleiða í alla kima fyrirtækisins. Á sama tíma og við ætlum okkur að standa vörð um þann sterka grunnrekstur sem Síminn hefur verið þekktur fyrir, ætlum við að finna leiðir til að vaxa og þróast til framtíðar litið, bæði með innri og ytri vexti. Jafnframt viljum við tryggja framúrskarandi upplifun af vörum og þjónustu Símans og skapa stafrænt samfélag snjallra lausna fyrir fólk og fyrirtæki.“

## Helstu niðurstöður í rekstri árið 2024

### Rekstur samstæðu

Rekstrarreikningur	4F				12M			
	2024	2023	Breyting	%	2024	2023	Breyting	%
Sala	7.291	6.468	823	12,7%	27.189	25.067	2.122	8,5%
Kostnaðarverð sölu	( 4.455)	( 4.119)	( 336)	8,2%	( 17.328)	( 16.497)	( 831)	5,0%
<b>Framlegð</b>	<b>2.836</b>	<b>2.349</b>	<b>487</b>	<b>20,7%</b>	<b>9.861</b>	<b>8.570</b>	<b>1.291</b>	<b>15,1%</b>
Aðrar rekstrartekjur	140	191	( 51)	-26,7%	643	674	( 31)	-4,6%
Rekstrarkostnaður	( 2.032)	( 1.906)	( 126)	6,6%	( 7.629)	( 7.165)	( 464)	6,5%
<b>Rekstrarhagnaður (EBIT)</b>	<b>944</b>	<b>634</b>	<b>310</b>	<b>48,9%</b>	<b>2.875</b>	<b>2.079</b>	<b>796</b>	<b>38,3%</b>
Fjármunatekjur	195	195	0	0,0%	734	740	( 6)	-0,8%
Fjármagnsgjöld	( 489)	( 287)	( 202)	70,4%	( 1.841)	( 1.102)	( 739)	67,1%
Gengismunur	( 12)	( 28)	16	-57,1%	( 6)	( 30)	24	-80,0%
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b>	<b>( 306)</b>	<b>( 120)</b>	<b>( 186)</b>	<b>155,0%</b>	<b>( 1.113)</b>	<b>( 392)</b>	<b>( 721)</b>	<b>183,9%</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>638</b>	<b>514</b>	<b>124</b>	<b>24,1%</b>	<b>1.762</b>	<b>1.687</b>	<b>75</b>	<b>4,4%</b>
Tekjuskattur	( 121)	( 100)	( 21)	21,0%	( 381)	( 341)	( 40)	11,7%
<b>Hagnaður</b>	<b>517</b>	<b>414</b>	<b>103</b>	<b>24,9%</b>	<b>1.381</b>	<b>1.346</b>	<b>35</b>	<b>2,6%</b>
EBITDA	2.071	1.614	457	28,3%	7.147	6.150	997	16,2%
Hagnaður á hlut	0,20	0,15	0,05	33,3%	0,54	0,46	0,08	17,4%

Heildartekjur árið 2024 námu 27.832 m.kr. samanborið við 25.741 m.kr. árið 2023, sem er 8,1% vöxtur milli ára. Sé horft til kjarnavara félagsins (farsíma, gagnaflutnings og sjónvarpsþjónustu) er tekjuvöxtur 5,3%.

Tekjur af farsíma námu 6.858 m.kr. og hækkuðu um 348 m.kr. eða 5,3% á milli ára. Tekjur af gagnaflutningi námu 8.277 m.kr. og hækkuðu um 338 m.kr. eða 4,3% á milli ára. Tekjur af sjónvarpsþjónustu námu 7.905 m.kr. og hækkuðu um 465 m.kr. eða 6,3% á milli ára. Tekjur af vörusölu námu 1.734 m.kr. og drógust saman um 50 m.kr. eða 2,8% á milli ára. Tekjur af öðrum rekstri námu 3.058 m.kr. og hækkuðu um 990 m.kr. á milli ára. Tekjur Billboard sem falla undir þann lið voru 1.328 m.kr., en félagið varð hluti af samstæðunni frá byrjun apríl 2024.

Kostnaðarverð seldrar þjónustu nam 17.328 m.kr. og hækkaði um 831 m.kr. eða 5,0% frá árinu 2023. Rekstrarkostnaður nam 7.629 m.kr. og hækkaði um 464 m.kr. eða 6,5% frá árinu 2023.

Afskriftir félagsins námu 4.272 m.kr. árið 2024 samanborið við 4.071 m.kr. árið 2023 og hækka um 201 m.kr. á milli ára.

## Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar námu samtals 7.204 m.kr. árið 2024 samanborið við 6.180 m.kr. árið 2023. Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum árið 2024 námu 244 m.kr. til lækkunar.

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var því 6.960 m.kr. árið 2024 samanborið við 5.612 m.kr. árið 2023. Eftir vexti og skatta nam handbært fé frá rekstri 5.801 m.kr. árið 2024 samanborið við 4.853 m.kr. árið 2023.

Árið 2024 keypti Síminn félögin Billboard og Noona Iceland sem hefur áhrif á fjárfestingarhreyfingar á árinu. Árið 2023 seldi Síminn skuldabréf sem félagið fékk í tengslum við söluna á Mílu sem skýrir jákvæðar fjárfestingarhreyfingar á því tímabili.

Árið 2024 voru tekin ný langtímalán í tengslum við kaup á félögum, að fjárhæð 6 ma.kr. Árið 2023 voru fjármögnunarhreyfingar neikvæðar sem nam 17.468 m.kr. sem skýrist helst af því að hlutfé félagsins var lækkað með útgreiðslu til hluthafa sem nam tæplega 15,6 ma.kr. að teknu tilliti til eigin bréfa.

Sjóðstreymi	2024	2023
Rekstrarhagnaður ársins	2.875	2.079
Afskriftir	4.272	4.071
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	57	30
<b>Samtals rekstrarhreyfingar</b>	<b>7.204</b>	<b>6.180</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(244)	(568)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>6.960</b>	<b>5.612</b>
Innborgaðir vextir	742	758
Greiddir vextir	(1.612)	(947)
Greiddir skattar	(289)	(570)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>5.801</b>	<b>4.853</b>
Fjárfestingarhreyfingar	(9.622)	10.742
Fjármögnunarhreyfingar	2.851	(17.468)
<b>Breytingar á handbæru fé</b>	<b>(970)</b>	<b>(1.873)</b>
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(5)	(38)
<b>Handbært fé í byrjun ársins</b>	<b>1.810</b>	<b>3.721</b>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b>835</b>	<b>1.810</b>

## Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 41.182 m.kr. í lok árs 2024 en voru 33.789 m.kr. í lok árs 2023.

Vaxtaberandi skuldir að leiguskuldbindingum meðtöldum voru 17.168 m.kr. í lok árs 2024 samanborið við 10.530 m.kr. í lok árs 2023. Handbært fé í lok árs 2024 nam 835 m.kr. samanborið við 1.810 m.kr. í árslok 2023. Hreinar vaxtaberandi skuldir að teknu tilliti til útlána Símans Pay voru 13.021 m.kr. í lok árs 2024 samanborið við 5.822 m.kr. í árslok 2023.

Eigið fé félagsins nam 18.116 m.kr. í árslok 2024 og eiginfjárlutfall félagsins var 44,0%.

Efnahagsreikningur	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.543	2.552	991	39%
Leigugæignir	1.844	732	1.112	152%
Óefnislegar eignir	26.243	21.047	5.196	25%
Aðrar eignir	638	431	207	48%
<b>Fastafjármunir</b>	<b>32.268</b>	<b>24.762</b>	<b>7.506</b>	<b>30%</b>
Birgðir	1.339	1.257	82	7%
Víðskiptakröfur	2.503	2.279	224	10%
Útlán	3.204	2.715	489	18%
Aðrar skammtímaskröfur	1.033	966	67	7%
Handbært fé	835	1.810	(975)	-54%
<b>Veltufjármunir</b>	<b>8.914</b>	<b>9.027</b>	<b>(113)</b>	<b>-1%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>41.182</b>	<b>33.789</b>	<b>7.393</b>	<b>22%</b>
Eigið fé	18.116	17.600	516	3%
<b>Eigið fé</b>	<b>18.116</b>	<b>17.600</b>	<b>516</b>	<b>3%</b>
Vaxtaberandi skuldir	12.733	7.470	5.263	70%
Leiguskuldbindingar	1.571	503	1.068	212%
Tekjuskattskuldbinding	686	232	454	196%
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>14.990</b>	<b>8.205</b>	<b>6.785</b>	<b>83%</b>
Vaxtaberandi skuldir	2.084	2.281	(197)	-9%
Víðskiptaskuldir	3.760	4.261	(501)	-12%
Næsta árs afborganir	780	276	504	183%
Aðrar skammtímaskuldir	1.452	1.166	286	25%
<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>8.076</b>	<b>7.984</b>	<b>92</b>	<b>1%</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>41.182</b>	<b>33.789</b>	<b>7.393</b>	<b>22%</b>

## Horfur fyrir árið 2025

Spá fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir eftirtöldu:

- EBITDA verði á bilinu 7,0 til 7,4 ma.kr.
- EBIT verði á bilinu 3,6 til 4,0 ma.kr.<sup>2</sup>
- Fjárfestingar verði á bilinu 2,8 til 3,1 ma.kr.

## Kynningarfundur 19. febrúar 2025

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 19. febrúar 2025 kl. 8:30 í húsnæði félagsins, Ármúla 25, Reykjavík. Hluthafar, fjárfestar og markaðsaðilar eru sérstaklega boðnir velkomnir á fundinn. Á fundinum munu María Björk Einarsdóttir forstjóri og Óskar Hauksson fjármálastjóri kynna uppgjör félagsins og svara fyrirspurnum. Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Símans <https://www.siminn.is/fjarfestar/uppgjor-og-arsskyrslur>.

Jafnframt verður hægt að fylgjast með fundinum í netstreymi á vefslóðinni: <https://www.siminn.is/fjarfestar/fjarfestakynning>.

Þeir sem vilja bera upp spurningar geta sent þær á [fjarfestatengsl@siminn.is](mailto:fjarfestatengsl@siminn.is) og verður þeim svarað í lok fundarins.

<sup>2</sup> Án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum.

## Fjárhagsdagatal 2025

Aðalfundur 2025	13. mars 2025
Uppgjör 1F 2025	29. apríl 2025
Uppgjör 2F 2025	19. ágúst 2025
Uppgjör 3F 2025	28. október 2025
Ársuppgjör 2025	17. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	12. mars 2026

### Nánari upplýsingar um uppgjórið veita:

María Björk Einarsdóttir, forstjóri Símans (maria@siminn.is)

Óskar Hauksson, fjármálastjóri Símans (oskarh@siminn.is)